

Ed.

735. Frumvarp til laga

[181. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 8. tölul. í 1. gr. laganna koma tveir nýir tölul., svo hljóðandi:

- a. Að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í allt að 5300 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakaup-túns.
- b. Að virkja Haukadalsá í Dalasýslu í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa fimm syðstu hreppum Dalasýslu.
- c. Að virkja Múlaá í Geiradalshreppi í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa nálægum hreppum.

2. gr.

- a. Í stað orðanna „74 millj. kr.“ í fyrri málslið 2. gr. laganna komi: 99 millj. kr.
- b. Í stað orðanna „25 millj. kr.“ í síðari málslið sömu lagagr. komi: 33 millj. kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.